

## GJALDSKRÁ

**fyrir fráveitugjald í Dalvíkurbyggð.**

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og reglugerð nr. 402/2001 um fráveitu í Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja og lóða. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,30% af fasteignamati húss og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Greiða skal fráveitugjald þar sem bæjarfélagið sér um losun rotþróa. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi strax við birtingu hennar.

*Dalvíkurbyggð, 9. febrúar 2009.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. febrúar 2009